

ENSK1UE03

Búið til: Sun, 28 Apr 2013 01:18:53 GMT

Titill

Undirbúningsáfangi í ensku

Skammstöfun

ENSK1UE03

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

enska

Viðfangsefni

Undirbúningsáfangi í ensku

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

3

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn miðar að því að nemendur öðlist færni í undirstöðuatriðum enskrar málfræði, séu færir um að tjá sig um einfalda hluti bæði munnlega og skriflega, skilji daglegt mál og séu undir það búnir að fara á annað þrep í ensku. Til þess þurfa nemendur meðal annars að öðlast nokkuð breiðan, hagnýtan og virkan orðaforða. Áhersla verður lögð á að nemendur læri að nýta sér öll þau hjálpartæki sem í boði eru og þeim gerð grein fyrir því hvernig þeir geti sjálfir bætt við þekkingu sína og tekið ákvarðanir er varða nám þeirra. Unnið er að því að efla sjálfstæði nemenda og þeir hvattir til að finna eigin leiðir til að ná árangri í náminu, því er áhersla lögð á að nemendur vinni sjálfstætt að hinum ýmsu verkefnum og kynningum. Nemendur kynna sér hina margvíslegu menningarheima enskumælandi landa um heim allan með því að skoða mismunandi bókmenntaverk, en einnig með því að skoða fréttæfni líðandi stundar.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- undirstöðuatriðum enskrar málfræði
- þverfaglegum orðaforða til hagnýtra nota
- helstu menningarsvæðum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. Um inngang, meginmál með afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota orðabækur, sér í lagi stafrænar
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi
- lesa fjölbreyttar gerðir texta
- tjá sig munnlega skýrt um málefni sem hann hefur kynnt sér
- tjá sig skriflega bæði á formlegan og óformlegan hátt
- skrifa skipulegan texta og skipt í efnisgreinar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki
- tjá sig skýrt og lipurlega fyrir áheyrendum um sérvalið efni sem hann hefur kynnt sér
- skrifa formlegan og óformlegan texta og beita rithefðum sem við eiga í textasmíð
- lesa sér til ánægju og þroska skáldskap af hæfilegum þyngdarstigi og tjá skoðun sína

Námsmat

Skólar

Fyrirmynd